

Alþingi
Erindi nr. P 133/495
komudagur 1. 12. 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. nóvember 2006

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um nýja framtíðarskipan lífeyrismála, 3. mál.

Samtökum sykursjúkra hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála. Samtök sykursjúkra fagna þeim tillögum sem fram koma í þingsályktuninni og telur þær til bóta fyrir lífeyrisþega. Þó eru gerðar eftirfarandi athugasemdir við þingsályktunina.

Vegna 2. töluliðs:

Samtök sykursjúkra leggja áherslu á að grunnlífeyrir verði ótekjutengdur og að frítekjumark vegna atvinnutekna og lífeyrissjóðstekna verði 75 þúsund krónur á mánuði frá 1. janúar 2007.

Vegna 3. töluliðs:

Að mati Samtaka sykursjúkra er mikilvægt að núverandi greiðslufyrirkomulag vasapeninga verði lagt af sem allra fyrst, eða frá 1. janúar 2007. Samtök sykursjúkra líta svo á að með því fyrirkomulagi sem er á greiðslu vasapeninga sé fólk sem býr á stofnunum svipt fjárræði. Eðlilegra er að fólk fái greiddan þann lífeyrir sem það á rétt á en greiði fyrir húsnæði eins og aðrir.

Vegna 4. töluliðs

Samtök sykursjúkra leggja ríka áherslu á að grunnlífeyrir verði hækkaður verulega. Slík hækkun myndi skila sér best til þeirra sem verst eru settir.

Þá er það mat Samtaka sykursjúkra að þingsályktunin sé ekki til þess fallin að einfalda kerfi lífeyrisgreiðslna. Er í því sambandi vísað til sameiginlegrar skýrslu ÖBÍ, LEB og LP, „Eitt samfélag fyrir alla – hugmynd að betra samfélagi“. Þrátt fyrir það er um mikilvæga réttarbót lífeyrisþega að ræða og mikilvægt að hún komi til framkvæmda sem fyrst á meðan unnið er að grundvallarbreytingum almannatryggingakerfisins.

Virðingarfyllst,
f.h. Stjórnar Samtaka sykursjúkra

Sigríður Jóhannsdóttir